

BORGARRÁÐ 6. október 2022: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um sérstök sérkennsluúrræði í heimaskólum – MSS22100067

Flokkur fólksins leggur til að borgarráð samþykki að fela skóla- og frístundaráði að skoða fleiri úrræði innan heimaskólanna fyrir börn sem af einhverjum orsökum geta ekki stundað nám í almennum bekk. Hér er átt við smærri, fámennari hópum þar sem börnin fá þjónustu við hæfi. Brúarskóli og Klettaskóli eru báðir sprungnir og er biðlisti í báða. Börn sem koma í Brúarskóla ættu að vera búinn að fá tækifæri til að vera í minni hóp í sínum heimaskóla þar sem er minna áreiti og þar sem hægt er að sinna þeim á einstaklingsgrunni. Ef svigrúm væri fyrir þetta þá myndi biðlistar í sérskóla stytast. Ekki allar umsóknir sem koma inn í Brúarskóla eru tengdar ofbeldi þó svo að langflestar séu það. Hér er ekki átt við sérkennsluúrræðið. Í mörgum tilfellum eru börn sett í sérkennslu aðeins vegna þess að þau eru með hegðunarvanda. Þannig var sérkennsla ekki hugsuð þ.e. sem staður til að taka við börnum sem ekki gátu verið inn í bekk vegna hegðunarvandamála. Sérkennsluúrræðin er auk þess löngu sprungin.

Greinargerð:

Tillagan gengur út á að skóla- og frístundasvið skapi og/eða styrki fleiri slík stuðningsúrræði þar sem börn stunda nám í fámennum hópum í heimaskóla sínum. Börn eru ekki öll eins og við verðum að horfa á það, að það geta ekki allir þrífist í stórum fjölmennum hópi 25-40 nemendahópi. Þar er áreiti mikið og álag á kennara of mikið til að hægt sé að sinna hverju barni sómasamlega. Brúarskóli og Klettaskóli eru löngu sprungnir og biðlistar í þá langir. Eins og staðan er núna er skóli án aðgreiningar aðeins falleg orð á blaði. Skólar í Reykjavík eru almennt vanbúnir að takast á við börn með ákveðnar sérþarfir. Sú tillaga sem hér er lögð fram lætur hugmyndafræðina um „skóla án aðgreiningar“ standa betur undir nafni. Mæta þarf þörfum allra barna í skólanum og hópum barna á erfitt með að stunda nám í stórum bekkjareiningum. Smærri einingar verða að vera í boðið sem gefur börnum sem ekki geta verið í almennum bekk og fá ekki inngöngu í Brúarskóla eða Klettaskóla tækifæri til að stunda nám í sínum eigin skóla og með jafningjum.